

## 22. háskólaþing Háskóla Íslands

**haldið 7. nóvember 2018 í Hátíðasal Háskóla Íslands í Aðalbyggingu**

**Fundartími: Kl. 13.00-16.00**

### Dagskrá

- Kl. 13.00-13.05    Rektor setur háskólaþing, fer yfir dagskrá og tímaáætlun og gerir grein fyrir fundargögnum.
- Kl. 13.05-13.15    Dagskrárliður 1. Rektor reifar mál sem eru efst á baugi í Háskóla Íslands.
- Kl. 13.15-13.40    Dagskrárliður 2. Kynning á helstu niðurstöðum könnunar á viðhorfum akademískra starfsmanna til matskerfis opinberu háskólanna, sbr. HÍ21.  
Málsmeðferð:  
a) Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, aðstoðarrektor vísinda, gerir grein fyrir málinu.  
b) Andrea Gerður Dofradóttir, verkefnisstjóri, kynnir niðurstöður.  
c) Umræður.
- Kl. 13.40-14.20    Dagskrárliður 3. Skipulagsmál háskólasvæðisins, sbr. HÍ21.  
Málsmeðferð:  
a) Endurskoðun heildarskipulags háskólasvæðisins. Hrunn Ólöf Andradóttir, prófessor og formaður skipulagsnefndar háskólaráðs.  
b) Saga og þróun skipulags háskólasvæðisins. Pétur H. Ármannsson, arkitekt og sviðsstjóri hjá Minjastofnun Íslands.  
c) Á döfinni í byggingarmálum Háskóla Íslands. Sigríður Sigurðardóttir, arkitekt og sviðsstjóri framkvæmda- og tæknisviðs.  
d) Sýn stúdenta. Elísabet Brynjarsdóttir, forseti Stúdentaráðs.
- Kl. 14.20-14.40    Kaffihlé.
- Kl. 14.20-16.00    Dagskrárliður 3 (frh.). Skipulagsmál háskólasvæðisins, sbr. HÍ21.  
e) Vísindagarðar Háskóla Íslands. Hilmar Bragi Janusson, forstjóri Genís, fv. forseti Verkfræði- og náttúruvísindasviðs, formaður stjórnar Vísindagarða.  
f) Tillögur starfshóps um bætta samgöngur á Vatnsmýrarsvæðinu. Þorsteinn R. Hermannsson, samgöngustjóri Reykjavíkur.  
g) Hringbrautarverkefnið. Staða dagsins. Gunnar Svavarsson, framkvæmdastjóri.  
h) Fyrirspurnir og pallborðsumræður (45 mín.).
- Kl. 16.00            Háskólaþingi slitið.

### **Kl. 13.00-13.05**

### **Fundarsetning**

Rektor setti háskólaþing Háskóla Íslands og bauð þingfulltrúa velkomna til starfa. Háskólaþing er haldið í samræmi við lög um opinbera háskóla nr. 85/2008 og var þetta 22. háskólaþing Háskóla Íslands. Sérstaklega bauð rektor velkomna þá fulltrúa sem mættir voru í fyrsta sinn á þingið, fulltrúa frá samstarfsstofnunum og formann Stúdentaráðs.

Fundargerð síðasta háskólaþings var send fulltrúum fyrir þingið og bærust engar athugasemdir við hana. Þá gerði rektor grein fyrir tímaáætlun og gögnum fundarins og fól Magnúsi Diðriki Baldurssyni, skrifstofustjóra rektorsskrifstofu, að vera fundarritari.

Þinginu var streymt á netinu og það tekið upp.


Kl. 13.05-13.15  
Dagskrárliður 1  
Rektor reifar mál sem eru efst á baugi í Háskóla Íslands





- Háskóli Íslands í 250.-300. sæti í heiminum og í 19. sæti á Norðurlöndum 2018-2019
- Endurspeglar styrk Háskóla Íslands sem alþjóðlegs rannsóknaháskóla
- Skapar fjölmörg tækifæri til samstarfs við erlenda háskóla og vísindastofnanir
- Einstök fræðasvið:
  - Hugvísindi í 201.-250. sæti
  - Félagsvísindi í 251.-300. sæti
- Frekari fréttir berast í kvöld!

TIMES HIGHER EDUCATION WORLD UNIVERSITY RANKINGS 2018-2019



- Ný starfsumhverfiskönnun í gangi
- Hvatningarverðlaun jafnréttismála veitt í Hátíðasal 19. nóv.
- Opinn fundur rektors 21. nóv. Viðurkenningar til starfsfólks
- Næsti fyrirlestur í röðinni „Hagnýtum hugvitid“ 22. nóv.
- Hátíð brautskráðra doktora 1. des.
- Heimsókn Margrétar Þórhildar Danadrottningar í Veröld – hús Vigdísar 1. des.

FRAMUNDAN

## Kl. 13.15-13.40 Dagskrárliður 2

### Kynning á helstu niðurstöðum könnunar á viðhorfum akademískra starfsmanna til matskerfis opinberu háskólanna, sbr. HÍ21.

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, aðstoðarrektor vísinda og Andrea Gerður Dofradóttir, verkefnisstjóri, gerðu grein fyrir málinu.



KÖNNUN Á VIÐHORFI AKADEMÍSKS STARFSFÓLKS TIL  
MATSKERFIS OPINBERU HÁSKÓLanna  
NIÐURSTÖÐUR

Háskólaþing  
7. nóvember 2018

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, aðstoðarrektor vísinda  
Andrea G. Dofradóttir, verkefnisstjóri

HÁSKÓLI ÍSLANDS

### Framkvæmd og heimtur


- Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands gerði netkönnun meðal akademísks starfsfólks opinberu háskólanna á viðhorfum til matskerfisins
- Könnunin var gerð fyrir Samstarfsnet opinberu háskólanna og lögð fyrir akademískt starfsfólk þeirra í a.m.k. 50% starfshlutfalli sumarið 2018, alls 770 manns




Category	Percentage
Heild	56%
Karl	57%
Kona	56%
31-40 ára	58%
41-50 ára	51%
51-60 ára	61%
61-70 ára	52%
Adjunkt 1	37%
Lektor/lífráðgjafi	56%
Dósent/træðimaður	56%
Professor/vísindamaður	60%
Háskóli Íslands	51%
Félagsvísindasvið	57%
Heilbrigðisvísindasvið	45%
Hugvísindasvið	60%
Menntavísindasvið	49%
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	59%
Stofnun rannsóknasetra	76%

HÁSKÓLI ÍSLANDS


Þegar á heildina er litið, hversu sátt(ur) eða ósátt(ur) ert þú við niðurstöðu þína úr matskerfi opinberu háskólanna síðastliðin þrjú ár (ef við á)?




Hversu vel eða illa telur þú að matskerfi opinberu háskólanna endurspegli vinnuframlag akademísks starfsfólks?




Frekar eða mjög illa




Hversu vel eða illa telur þú að matskerfi opinberu háskólanna endurspegli vinnuframlag akademísks starfsfólks?




Frekar eða mjög illa



Hversu vel eða illa telur þú að matskerfi opinberu háskólanna endurspegli vinnuframlag akademísks starfsfólks?




Frekar eða mjög illa




Hversu vel eða illa telur þú að matskerfi opinberu háskólanna endurspegli vinnuframlag akademísks starfsfólks?

**Frekar eða mjög illa**



Hversu vel eða illa telur þú að matskerfi opinberu háskólanna endurspegli vinnuframlag akademísks starfsfólks? **Frekar eða mjög illa**



Telur þú að matskerfi opinberu háskólanna geri ólíkum vísindahæfðum jafnt undir höfði?

**Einungis að litlu eða enau leyti**




Telur þú að matskerfi opinberu háskólanna geri ólíkum vísindahæfðum jafnt undir höfði?

**Einungis að litlu eða enau leyti**




Telur þú að matskerfi opinberu háskólanna geri ólíkum vísindahæfðum jafnt undir höfði?

**Einungis að litlu eða enau leyti**



Telur þú að matskerfi opinberu háskólanna geri ólíkum vísindahæfðum jafnt undir höfði?

**Einungis að litlu eða enau leyti**



Hversu sanngjart eða ósanngjart telur þú matskerfi opinberu háskólanna vera sem umbunar- og hvatakerfi?

**Frekar eða mjög ósanngjart**



Hversu sanngjart eða ósanngjart telur þú matskerfi opinberu háskólanna vera sem umbunar- og hvatakerfi?


**Frekar eða mjög ósanngjart**



Hversu sanngjarn eða ósanngjarn telur þú matskerfi opinberu háskólanna vera sem umbunar- og hvatakerfi?




**Frekar eða mjög ósanngjarn**




Hversu sanngjarn eða ósanngjarn telur þú matskerfi opinberu háskólanna vera sem umbunar- og hvatakerfi?




**Frekar eða mjög ósanngjarn**




Hversu sanngjarn eða ósanngjarn telur þú matskerfi opinberu háskólanna vera sem umbunar- og hvatakerfi? **Frekar eða mjög ósanngjarn**




Þegar á heildina er litið, telur þú að matskerfi opinberu háskólanna hafi jákvæð eða neikvæð áhrif á vinnutengda líðan akademísks starfsfólks?




**Frekar eða mjög neikvæð**



Þegar á heildina er litið, telur þú að matskerfi opinberu háskólanna hafi jákvæð eða neikvæð áhrif á vinnutengda líðan akademísks starfsfólks?




**Frekar eða mjög neikvæð**




Þegar á heildina er litið, telur þú að matskerfi opinberu háskólanna hafi jákvæð eða neikvæð áhrif á vinnutengda líðan akademísks starfsfólks?




**Frekar eða mjög neikvæð**



Þegar á heildina er litið, telur þú að matskerfi opinberu háskólanna hafi jákvæð eða neikvæð áhrif á vinnutengda líðan akademísks starfsfólks?









**Frekar eða mjög neikvæð**



Kjör og starfsaðstæður akademísks starfsfólks ráðast m.a. af árlegu mati á stórum þeirra skv. matskerfi opinberu háskólanna.

Ef við miðum við matskerfið eins og það er uppbyggt núna, finnst þér að það eigi að hafa meiri áhrif, minni áhrif, eða óbreytt áhrif á eftirfarandi kjör/starfsaðstæður?





### Helstu niðurstöður

- Viðhorf til matskerfisins eru mjög breytileg m.t.t. til þeirra atriða sem spurt var um
- Prófessorar eru hlutfallslega mun jákvæðari í afstöðu sinni til matskerfisins en dósentar, lektorar og aðjunktur
- Karlar eru hlutfallslega talsvert jákvæðari í afstöðu sinni en konur
- Meirihluti akademískis starfsfólks telur að kennsla og samfélagsþátttaka eigi að hafa meira vægi í matskerfinu en það gerir nú

- Verið er að skoða leiðir til að auka vægi kennslu og samfélagsþátttöku í mati á störfum akademískis starfsfólks
- Tekið mið af áhugaverðum dæmum frá erlendum háskólum

Rektor þakkaði þeim Guðbjörgu Lindu og Andreu fyrir framsöguna og gaf orðið laust.

Deildarforseti Mála- og menningardeildar lýsti þeirri skoðun sinni að innbyggð mismunun væri í matskerfinu á milli þess sem fólk fær í launaumslagði annars vegar og möguleikum þess til framgangs hins vegar. Þegar fólk væri komið á eða yfir miðjan starfsaldur og hefði setið eftir blasti við að ævitekjur þess væru skertar. Hvatti fulltrúinn til þess að þetta yrði skoðað.

Fulltrúi Félags prófessora sagði að matskerfið væri fyrst og fremst samningur við fjármálaráðuneytið og að félagið hefði efasemdir um viðhorfskönnunina sem kynnt var á þinginu því spurningarnar væru leiðandi. Þannig hafi verið spurt hvort fella ætti vinnumatíð inn í föst laun. Þá einkenndi það spurningarnar að þær væri orðaðar neikvætt og beindust öðru fremur að hlutum sem fólk væri óánægt með.

Kjörinn fulltrúi Félagsvísindasviðs sagði það vera sláandi að 77% kvenna teldi að matskerfið hefði neikvæð áhrif á vinnutengda líðan. Í ljósi stefnu Háskóla Íslands almennt og jafnréttisstefnu skólans sérstaklega hvatti fulltrúinn til þess að horft yrði sérstaklega til þessa við endurskoðun kerfisins.

Aðstoðarrektror vísinda þakkaði fyrir ábendingarnar og sagði að þær yrðu skoðaðar í framhaldinu. Sérstaklega væri unnið að því að leita leiða til að auka vægi kennslu og samfélagsþátttöku – og þetta geti haft áhrif á launasetningu, sbr. innlegg deildarforseta Mála- og menningardeildar. Varðandi innlegg fulltrúa Félags prófessora sagði aðstoðarrektror að endurskoðun kennslu og samfélagsþátttöku væri ekki kjarasamningsmál og að í þessu sambandi væri ekki verið að tala um matsrammann. Einnig þyrfti að hafa í huga að umbun snýst ekki bara um krónur og aura heldur einnig um sýnileika og viðurkenningu.

Rektor þakkaði fyrir góðar umræður og sagði þær vera mikilvægar. Rifjaði hann stuttlega upp feril málsins sem hófst með því að árið 2015 óskaði háskólaráð eftir því við matskerfisnefnd opinberu háskólanna að farið yrði ofan í kerfið. Í kjölfarið fór fram innri og ytri úttekt, málið var rætt á háskólaþingi og efnt til þeirrar könnunar sem hér var kynnt. Málið yrði unnið áfram í góðu sambandi við kjarafélögin.

Til máls tóku undir þessum lið, auk rektors og aðstoðarrektors, Brynhildur Flóvenz, Gísli Már Gíslason og Torfi H. Tulinius.

**Kl. 13.40-14.20**  
**Dagskrárliður 3**  
**Skipulagsmál háskólasvæðisins, sbr. HÍ21.**

Undir þessum dagskrárlið voru flutt sjö framsöguerindi. Fyrst tók til máls Hrund Ólöf Andradóttir, prófessor og formaður skipulagsnefndar háskólasvæðisins.

Endurskoðun heildarskipulags  
háskólasvæðisins

Hrund Ólöf Andradóttir  
Prófessor og formaður skipulagsnefndar Háskóla Íslands

Háskólafundur 7. nóvember 2018



## Skipulagsnefnd Háskóla Íslands



• **Hlutverk:**  
Hafa yfirsýn yfir skipulag, ásjúnd, uppbyggingu, nýtingu og viðhaldi háskólasvæðisins

Nefndin:  
Hrúnd Ólaf Andradóttir, formaður  
Steinninn í Kinnjándóttir, prófessor við Sagfræði- og heimskæðileið  
Stella Thors, arkitekt og fyrirverandi forseti Skipulagsstofnunar og ráðuneytisstjóri  
Ari Guðni Hauksson, sagfræðingur  
Sigður Sigurðardóttir, sálfræðingur framkvæmda- og tæknivíska, starfar með nefndinni  
Sigurtaug Ljóvdahl, skrifstofustjóri framkvæmda- og tæknivíska, er ritari nefndarinnar.  
Eiríkur Hilmarsson, framkvæmdastjóri Vísindagarða Háskóla Íslands, situr jafnframt fundi  
Magnús Dóttir Baldursson, skrifstofustjóri rektorskrifstofu, er ábyrgðarmarkaðsnefndarstjóri

## Einkenni háskólasvæða

Mannlíf



Billaus borg í borg



Sérhæfð rými

Upplýsingamiðun og hvatning til almennings



Auglýsa rannsóknir

Veita fordæmi, t.d. í umhverfis og samfélagslegum málum



## Sýn um háskólasvæðið í stefnu Háskólans 2016-2021

- Öll meginstarfsemi Háskólans byggð upp á háskólasvæðinu. Áhersla lögð á flutning Menntavísindasviðs og framtíðarhúsnæði fyrir heilbrigðisvísindi
- Að þekkingarsköpun við skólann hafi **sem viðtækust áhrif**
- Að Háskólinn standi fyrir **lifandi samræðu við almenning og fagfólk** um brýn viðfangsefni samtímans
- Uppbygging háskólasvæðisins stuðli að **sameindun háskólasamfélaga**



## Núverandi kjarni

- Háskólatorg núverandi miðja og hjarta kennslu og rannsókna
- Miðjan færirst suður með aukinni uppbyggingu í Vatnsmýri



Mynd: KI



Mynd: KI

## Kjarnastarfsemi einkennist af nánd og góðu aðgengi

- Þetta kjarnastarfsemi
- Nýta fyrstu hæð sem gönguleið
- Tengja byggingar saman

## Kjarnastarfsemi einkennist af nánd og góðu aðgengi

- Styrkja tengingar á milli bygginga utandyra, með skjólsömum göngu- og hjólastígum
- Viðhalda gróður- og sólareitum á milli bygginga



Mynd: KI



Mynd: KI



Mynd: KI



Mynd: KI

## Kjarnastarfsemi sé sýnileg

- Rými á fyrstu hæð nýtast sem gönguleiðir og kynningar á kennslu og rannsóknum
- Gluggar á kennslustofum
- Sýnileg tilraunarymi (þar sem við á)

## Háskólalóðin sem lifandi kennslu- og tilraunastofa

Lóðin sem kennslustofa



Mynd: Ástaug Geirsdóttir



Byggingar sem nema



Mynd: ASCR



## Alhliða þjónusta innan seilingar

- Háskólasvæðið endurspeglir aðlaðandi og lifandi samfélag
- Fjölbreytt þjónusta á svæðinu eða í grennd við það
  - matsölustaðir
  - lágvöruverðsverslun
  - lækni- og sálfræðiþjónusta o.fl.



## Randþjónusta

MIT í Cambridge

Nýtt hverfi að myndast í kring með hátækni (lyfja) fyrirtækjum

Mikil fjölgun veitingastaða rétt fyrir utan kampusinn



## Stúdentagarðar á jaðri Háskólasvæðisins



- Uppbygging stúdentaíbúða í tengslum við almenna íbúabyggð skapar nánd og félagslegt samneyti meðal nemenda
- Lýðheilsusjónarmið við stofnbrautir

## Virkja menningargáttina við miðbæinn

- Menningargáttin sem snýr að miðbænum er t.d.
  - Þjóðmynjasafnið
  - Þjóðarbókhlaðan
  - Hús íslenskra fræða
  - Norræna húsið
  - Friðlandið í Vatnsmýri

- Styrkja enn frekar tengingar við miðbæinn



## Lokahugleiðing

- Við lifum á tímum hnattrænnar hlýnunar
- Billaumferð fer vaxandi og mengun af hennar völdum
- Hvernig getur Háskólinn verið fordæmisgefandi fyrir samfélagið?
- Setjum mannfolk í forgrunn og stefnum á að vera **billaus borg í borg**



Næst tók til máls Pétur Ármannsson, arkitekt og sviðsstjóri hjá Minjastofnun.

„Ágætu þingfulltrúar og aðrir gestir,


Sú ákvörðun að velja Háskóla Íslands stað á núverandi svæði við Suðurgötu er í sögulegu ljósi ein sú mikilvægasta í skipulagssögu Reykjavíkur. Með því hófst skipuleg útvíkkun borgarinnar út fyrir þann þrönga ramma sem markaður var í fyrsta heildarskipulagi bæjarins innan Hringbrautar. Allt frá stofnun háskólans árið 1911 voru ýmsar hugmyndir um framtíðaraðsetur hans í höfuðstaðnum, m.a. á Arnarhóli, upp af Lækjartorgi, sem viðbyggingu sunnan við Alþingishúsið.

Síðast en ekki síst var hin stórhuga hugmynd Guðjóns Samúelssonar um háborg íslenskrar menningar efst á Skólavörðuholti, þar sem háskóli og stúdentagarður áttu að rísa við austurenda torgsins. Þáverandi borgarstjóri, Knud Zimsen, taldi svæðið þar allt of lítið fyrir framtíðarvöxt skólans. Hann bauð þess í stað óbyggð svæði á Melunum austan Suðurgötu og sunnan fyrirhugaðrar Hringbrautar, sem á þeim tíma var utan þess svæðis sem fyrsta skipulag Reykjavíkur náði til.

Háskólinn og Stúdentagarðurinn 1940



Háborg menningar á Skólavörðuholti. Tillaga 1924



Frá byrjun sáu menn fyrir sér að lóðin við Hringbraut yrði annað og meira en skólalóð. Í grein árið 1930 sá próf. Ólafur Lárusson háskólasvæði fyrir sér sem „umgjörð um vísindastarf og menntalíf þjóðarinnar, að þar yrðu helstu söfn þjóðarinnar / mesta prýði höfuðborgar. Mýrin fyrir neðan gjörð að skemmtigarði, svo útsýn verður ávallt opin til austursins.“

Segja má að hugmyndin um Háborg íslenskrar menningar hafi færst um set í tíma og rúmi – frá Skólavörðuholti yfir á Melana. Í stað bygginga í nýklassískum stíl endurspeglar háskólinn á Melunum þá viðhorfsbreytingu sem varð í listum og menningu eftir 1930, þegar nýjar hugmyndir um byggingarlist í anda notagildis og einfaldleika ruddu eftirgerðum á sögulegum stílum fyrri alda úr vegi. Líkt og margir arkitektar sem menntaðir voru í klassískum anda kaus Guðjón Samúelsson, höfundur skipulags og aðalbyggingar háskólans, að fara bil beggja, samræma sígildar formlausnir við áherslur funksjónalisma á notagildi, einfaldleika og hreinan stíl. Fá verk endurspegla betur þann tíðaranda en aðalbygging háskólans. Skipulag svæðisins vitnar um viðleitni þess tíma til að móta ásýnd Reykjavíkur í skipulagi sem nýja höfuðborg hins sjálfstæða Íslands sem orðin var þjóð meðal þjóða í menningarlegum efnum. Jafnframt er háskólalóðin ein mikilvægasta húsasamstæða millistríðsáranna þar sem staðhættir og byggingar mynda áhrifamikla og listrænt mótaða heild.

Skipulag háskólalóðarinnar. 1936-37



Sigurður Guðmundsson. Stúdentagarður. 1932-34




Fyrsta byggingin sem reis á hinni nýju háskólalóð sunnan Hringbrautar var Gamli garður, byggður á árum 1932-34 eftir uppdráttum Sigurðar Guðmundssonar arkitekts. Á þeim tíma var enn ekki byrjað að móta skipulag svæðisins. Garðurinn var ein fyrsta opinbera byggingin hér á landi í anda funksjónalisma. Hann sneri framhlið að Hljómskálagarði og Vatnsmýri og stigarninn með hornflugganum var hugsaður sem upplýstur hliðstólpi sem vísaði veg inn á væntanlegt háskólasvæði.

Stúdentagarður. Sigurður Guðmundsson. 1932-34.



Skipulag háskólalóðarinnar. Guðjón Samúelsson. 1936



Arkitektinn sá fyrir sér að „... skálagluggann [mætti] lýsa að innan, að hann verði að einum björtum fleti þegar kvöldi tekur“.

Árið 1934 var Guðjóni Samúelssyni falið að gera frumteikningu af háskólabyggingu og jafnframt mæla fyrir um tilhögun bygginga á svæðinu. Hann valdi byggingunni stað á lóðinni næst Suðurgötu, þar sem hún gnæfði blasti fagurlega við efst bogadregna aðkomugötu.



Guðjón Samúelsson  
Háskóli Íslands  
aðalbygging  
1936-40



Guðjón Samúelsson / forsalur aðalbyggingar 1936-40



Af öllum verkum Guðjóns frá 4. áratug aldarinnar var Háskólabyggingin honum einna hugleiknust, enda lagði hann alla sína alúð í gerð hennar og frágang. Hann átti hugmyndina um happdrættisleyfi til að fjármagna framkvæmdina sem Háskóli Íslands nýtur enn góðs af. Grunnhugmynd eða formgerð byggingarinnar á sterkar rætur í klassískri hefð en í útfærslum og efnisvali ber byggingin skýr merki nýrra viðhorfa í arkitektúr.

Við vígslu aðalbyggingar 17. júní 1940 var til þess tekið að hún væri verk íslenskra handa, vitnisburður um verkmenningu auk þess sem í byggingunni voru fleiri tegundir af íslensku efni en í nokkru öðru húsi, sem hér hafði verið byggt.

Safnhús Þjóðminjasafnsins við Suðurgötu var morgungjöf Alþingis til þjóðarinnar í tilefni af stofnun lýðveldisins 17. júní 1944. Sigurður Guðmundsson arkitekt teiknaði húsið ásamt Eiríki Einarssyni. Byggingin var hönnuð til að mynda kennileiti í götumynd Hringbrautar við Melatorg, þar sem háskólinn mætir borginni.

Safnhús Þjóðminjasafnsins 1945-52  
Sigurður Guðmundsson og Eiríkur Einarsson



© Ljósmyndasafn Rvk



© Ljósmyndasafn Rvk Óskar Sigvaldason


Í Þjóðminjasafninu tóku arkitektarnir upp formeinkenni Gamla garðs í stækkaðri mynd, svo til varð einstök og falleg heild sem blasti við Hringbraut og Hljómskálagarði.

Eftir seinna stríð var nánar hugað að frekari þróun og nýtingu háskólalóðarinnar. Auk Þjóðminjasafns átti að rísa náttúrufræðahús og náttúrugripasafn á lóðinni þar sem nú er háskólatorg. Þannig áttu tvö höfuðsöfn þjóðarinnar að ramma inn aðalbyggingu háskólans og löngu síðar bættist það þriðja við, þegar ákveðið var að sameina háskóla- og landsbókasafn í einni byggingu.

Líkan af háskólasvæðinu / um 1950



Náttúrufræðahús Háskólans, tillaga (1946-1954)



1963 hófst nýr kafli í skipulagssögu svæðisins. Einn kunnasti arkitekt 20. aldar, finnni Alvar Aalto, fékk það verkefni að teikna norræna menningarmiðstöð á háskólasvæðinu. Ekki aðeins tókst honum að skapa einstæða byggingu heldur setti hann fram með því verki nýja sýn á Reykjavík. Aalto fannst byggðin í Reykjavík einkennast af sundurgerð en það sem heillaði hann var fjallahringurinn og náttúran inni í borginni, þ.e. Tjörninn og nánasta umhverfi hennar. „Reykjavík mun fá skipulag eftir mig í kaupbæti.“ var eftir honum haft, og í framhaldi kom hugmyndin um framlengja Tjörnina inn á háskólasvæðið og skapa nýjan endapunkt hennar með staðarvali Norræna hússins.




Alvar Aalto og Norræna húsið 1963-68




Árið 1975 leituðu Guðlaugur Þorvaldsson rektor og Maggi Jónsson arkitekt til Aaltos um hugmynd að nýju skipulagi fyrir háskólalóðina. Frumdrög þess voru kynnt í nóvember 1975. Samkvæmt því var Skeifan afmáð, náttúrulegar hæðarlínur landsins voru endurvaktar og búinn til aflíðandi völlum sem endar í vatnsbakka. Sníld tillögunnar fólst í því að setja háskólahverfið í nýtt samhengi við náttúrulega staðhætti Tjarnarinnar – engu var líkara en að skólinn hefði frá byrjun verið byggður til að rísa upp af vatnsbakkanum.

Norræna húsið - afstöðumynd




Þessi hugmynd, líkt og önnur háskólasvæði sem Aaltos skipulagði, átti sér rætur í hinni norður-amerísku hugmynd um háskóla sem röð bygginga umhverfis grænan völlum, þar sem ein lykilbygging situr fyrir enda vallarins.

Lóð Háskóla Íslands, frumdrög Alvars Aalto. 1976



Háskólalóðin. Líkan af tillögu Alvars Aalto. 1976




Hugmynd Thomas Jefferson, höfundar University of Virginia var að háskólar væru samfélög eða „lítill þorp“ þar sem kennarar og nemendur byggju og ynnu saman í samfélagi. Að baki bjó rómantísk sýn um „háskólann úti í náttúrunni, fjarri spillingu borgarinnar“. Þessi hugmynd var ólík því sem tíðkaðist á meginlandi Evrópu, þar sem háskólar voru fyrst og fremst kennslustofnanir og líf stúdenta utan kennslustofunnar var utan þeirra verksviðs.

1817. University of Virginia. Thomas Jefferson




Aalto lést í maí 1976, Elissa ekkja hans vann endurskoðaða tillögu, rofin voru tengsl við Aðalbygginguna, að öðru leyti ekki mikið breytt.

Háskólalóðin. Endurskoðuð tillaga. Elissa Aalto 1980




1949 / 1962-74. Tækniháskólinn í Helsinki. Alvar Aalto



Skipulagsyfirlöð í Reykjavík höfnuðu Aalto-tillögunum formlega 1986, þótti of langt gengið í breytingum á miðhluta svæðisins, einkum skeifunni framan við aðalbygginguna. Að þeirra mati var miðsvæðið „kjarni háskólabyggðarinnar og viðkvæmt vegna frumhugmynda að uppbyggingu þess og um leið áberandi kjarni í höfuðborginni“.

Lykilhugmynd Aaltos um framlengingu Tjarnarinnar inn á háskólasvæðið lifði áfram í skipulagi Magga Jónssonar arkitekts, sem varð grunnur að uppbyggingu svæðisins vel fram á þessa öld. Byggingarnefnd þess tíma ákvað að „friða“ Skeifuna. Skilyrði var gert um 5 ha. friðland í Vatnsmýri, Tjörninn flutt nær Skeifunni og gerð ein stærri Tjörn. Norræna húsið varð endir á röð nýrra bygginga.

Háskóli Íslands. Skipulag Magga Jónssonar. 1990



Skipulag háskólasvæða snýst ekki bara um landnýtingu og fermetra – það er ekki síður menningarlegt og listrænt viðfangsefni sem sést best á því hversu mikla rækt flestir erlendir háskólar leggja á að varðveita yfirbragð sitt og sögulega ásýnd. Hið ytra umhverfi er þáttur í ímyndarsköpun auk þess sem margir háskólar leggja rækt við traust samband sitt við fyrrum nemendur sína. Fyrir marga er hjarta háskólans þeirra – Alma Mater – helgur reitur þar sem helst má engu breyta.



Arts Quadrangle, Cornell University



Í tilviki Háskóla Íslands eru það ekki bara minningar fyrrum nemenda sem svæðinu tengjast heldur líka sókn þjóðar til menningarleg sjálfstæðis á 20. öld sem endurspeglast í lykilbyggingum frá ólíkum áratugum. Skilningur á sögulegum og hugmyndafræðilegum forsendum þeirrar byggðar sem fyrir er er þessvegna nauðsynleg forsenda allrar vinnu að framtíðarskipulagi og þróun þessa mikilvæga svæðis í borgarmynd höfuðborgarinnar.“

Háborg menningar á Melunum



Næst tók til máls Sigríður Sigurðardóttir, arkitekt og sviðsstjóri framkvæmda- og tæknisviðs.




### Hlutverk framkvæmda- og tæknisviðs

Hefur umsjón með verkefnum er lúta að byggingum, skipulagi og ásjúnd háskólalóðar

**Byggingadeild:** Viðhaldsverkefni, umhirða lóða, smíðaverkstæði, eftirlit með kerfum, innaup á húsgögnum, 14 fastráðnir starfsmenn

**Rekstur fasteigna:** Umsjón með byggingum, stofubókanir, öryggismál, aðgangsmál, ræsting, búnaður í kennslustofur, 20 fastráðnir starfsmenn

Verktakar sinna stærri viðhaldsverkefnum  
Húsnæði HÍ u.þ.b. 100 þús. m<sup>2</sup>





### Stúdentabúðir

- Framtíðarsýn fyrir stúdentagarða er á borði skipulagsnefndar HÍ
- **Gamli Garður**


Forsagan:

- Samkomulag milli HÍ og Rvk., dags. 2. mars 2016 þar sem kanna á möguleika á að reisa stúdentagarða á lóð Gamla Garðs (Um 1.000-1.500m<sup>2</sup> að stærð fyrir 40-60 stúdentaeiningar)
- Í mars 2017 liggur fyrir niðurstaða samkeppni sem haldin var á vegum FS. Sigurtillagan var 3.250 m<sup>2</sup> að stærð fyrir 78 stúdentaeiningar. Í umsögn dómnefndar við tillöguna segir m.a:
- „Dómnefnd þykir mikilvægt að unnið verði frekar með ásjúnd byggingarinnar við frekari vinnslu í deiliskipulagsferli svo yfirbragð byggingar samræmist betur aðliggjandi byggð.“



### Stúdentabúðir

- Lögð var inn deiliskipulagstillaga sem rammaði inn áður nefnda byggingu. Á auglýsingatíma bárust alvarlegar athugasemdir frá Minjastofnun, Húsafríðunarnefnd, íbúum og öðrum aðilum
- Í kjölfar athugasemda var myndaður vinnuhópur sem í sátu tveir fulltrúar frá HÍ, tveir fulltrúar frá Rvk.borg, fulltrúi FS og fulltrúi stúdenta
- Þeirri vinnu lauk með samkomulagi milli HÍ og FS, dags. 6. febrúar 2018, þar sem kemur fram að HÍ leiði endurskoðun deiliskipulags Gamla Garðs reitsins og að vinningstillagan verði dregin til baka og unnin ný tillaga í breiðri sátt, ásamt því að fleiri reitir verði skoðaðir í samráði við skipulagsnefnd HÍ
- Frá því að samkomulagið var gert hefur háskólaráð fjallað um málið á þremur fundum



### Stúdentabúðir

- Frá því í febrúar hefur FS leitt hugmyndavinnu um stúdentagarð á reitnum með Andrúm arkitektum og aðkomu HÍ
- Með leyfi FS og Andrúm arkitekta er tillagan kynnt á Háskólabinginu



## GAMLI GARÐUR

1. nóvember 2018



[Hér var sýnt myndband með hugmynd Andrúms arkitekta að stúdentabúðum við Gamla-Garð. Fylgir ekki með fundargerð].



## Stúdentaíbúðir

- Í hugmyndinni er gert ráð fyrir að Stapi fái nýtt líf sem stúdentagarður



## Stúdentaíbúðir

Með hugmyndinni er reynt að mæta eftirtöldum sjónarmiðum:

- Bjóða upp á sterka einingu fyrir stúdenta með fjölbreytileika og félagslegri nánd og góðum útsvæðum
- Taka tillit til þeirra athugasemda sem bárust við fyrri tillögu
- Að breið sátt náist um verkefnið

Næstu skref:

- Kynna hugmyndina fyrir helstu hagsmunaaðilum, s.s. stúdentum, Reykjavíkurborg, nágrönnum og fleirum í samstarfi við FS – og á þessu háskólaþingi
- Stefnt er á að þeirri vinnu ljúki um áramót



HÁSKÓLI ÍSLANDS

## Stúdentaíbúðir

### Byggingarmagn:

- 1. verðlaunatillega Yddu arkitekta: 78 einingar og 3.248 m<sup>2</sup>
- 2. verðlaunatillega Andrúm arkitekta: 100 eingar og 3.490m<sup>2</sup>
- Hugmynd Andrúm arkitekta: 65 einingar í 2.677m<sup>2</sup> og 48 einingar í 1.830m<sup>2</sup> í Stapa, alls 113 einingar



HÁSKÓLI ÍSLANDS

## Stúdentaíbúðir

Til fróðleiks er rífað upp að frá árinu 2010 hafa verið byggðir eða eru í byggingu eftirtaldir stúdentagarðar:

- Skógarðar 18-22 – fyrir 198 einstaklinga
- Oddagarðar, Sæmundargötu 14-20 – fyrir 299 einstaklinga
- Skjólgarðar, Brautarholti 7 – fyrir 134 einstaklinga
- Sæmundargata 21 – fyrir 277 einstaklinga

Samtals 725 íbúðaeiningar fyrir 908 einstaklinga



HÁSKÓLI ÍSLANDS

## Helstu yfirstandandi verkefni

- **Heilbrigðisvísindasvið** – Undirbúningur vegna nýbyggingar á spítalalóðinni hjá Læknagarði er í fullum gangi
- **Hús íslenskra fræða** – í útboði
- **Menntavísindasvið** – framtíðarstaðsetning – þarfagreining – undirbúningshópur
- **Nýbygging Alvotech** – þarfagreining – undirbúningshópur



HÁSKÓLI ÍSLANDS

## Helstu yfirstandandi verkefni

### Nýi-Garður:

**Kjarnastarfsemi:** Yfirgripsmiklar endurbætur á allri byggingunni (Sálfræðideild, Sagnfræði- og heimspeki deild, Verkræði- og náttúruvísindasvið)

### Eirberg:

**Kjarnastarfsemi:** Gagngerar endurbætur sem hófust 2017 og er að ljúka (Hjúkrunarfræðideild)

**Nemendaaðstaða:** Ný aðstaða fyrir nemendur. Félagsrými, lesastaða og hópavinna

### Gimli:

**Kjarnastarfsemi:** Endurskipulagning á sviðsskrifstofu Félagsvísindasviðs



HÁSKÓLI ÍSLANDS

### Helstu yfirstandandi verkefni

**Læknagarður:**

*Kjarnastarfsemi:* Endurskipulagning á sviðsskrifstofu HVS

*Nemendarymi:* Bætt nemendaaðstaða, lesaðstaða og aðstaða Hámu stækkuð og endurgerð í samvinnu við FS

**Aðalbygging:**

*Kjarnastarfsemi:* Hátíðarsalur endurgerður og í desember verður sett upp nýtt hjóðkerfi og lýsing fyrir svið

*Nemendaaðstaða:* Kennslustofa 220 gerð upp og komin í notkun á ný



HÁSKÓLI ÍSLANDS

### Helstu yfirstandandi verkefni

**Stakkahlíð:**

*Kjarnastarfsemi:* Lekri gluggahlíð Hamars skipt út ásamt framkvæmdum innanhúss. Í vinnslu að skipta út þakgluggum

*Nemendaaðstaða:* Fullkomin snyrting fyrir hreyfihlaða. Kennslustofa 101 útbúin fyrir Diplómanám

**VR III:**

*Kjarnastarfsemi:* Ný rannsóknarymi í kjallara byggingarinnar. Að hluta til lokið og önnur í vinnslu. Í vinnslu ný rannsóknarymi í skála II

*Nemendaaðstaða:* Ný aðstaða fyrir Team Spark í sérþötuðum „góðum“ gámum sunnan við VR III. Verður komið í gagnið innan tveggja vikna.



HÁSKÓLI ÍSLANDS

### Helstu yfirstandandi verkefni

**Stapi:**

*Kjarnastarfsemi:* Utanhússviðgerðir

**Laugarvatn:**

*Kjarnastarfsemi:* Utanhússviðgerðir, ásamt endurbótum á eldhúsi

**Veröld:**

*Kjarnastarfsemi og nemendarymi:* Framkvæmdum við nýtt kaffihús á lokametrum



HÁSKÓLI ÍSLANDS

### Helstu yfirstandandi verkefni

**Rauvísindastofnun:**

*Kjarnastarfsemi:* Heildarúttekt á ástandi byggingarinnar. Endurbótum áfangskipt – unnið skv. þeirri áætlun. Í sumar var unnið að endurbótum utanhúss.

Í vinnslu er þarfagreining og í framhaldi af henni verður ráðist í endurbætur innanhúss

**Setberg:**

*Kjarnastarfsemi:* Um næstu áramót fær HÍ Setberg aftur til sín. Nefnd að störfum sem mun leggja til hvaða starfsemi flyst í húsnæðið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

### Helstu yfirstandandi verkefni

**Litlu málin sem verða að stórum málum - Hjólastýli**

- Byggingarleyfisskyldar framkvæmdir
- Í smíðum eru 3 hjólastýli sem verða sett upp í Stakkahlíð, Læknagarði og miðsvæðis fyrir framan Lögberg
- Hjólabogar hafa víða verið settir upp á lóð HÍ í sumar



HÁSKÓLI ÍSLANDS

### Helstu yfirstandandi verkefni

**Litlu málin sem verða að stórum málum - Hleðslustöðvar**

- Í samstarfi við Hlaða er búið að panta hleðslustöðvar sem verða í þeirra eigu og rekstri
- Í umsóknarferli er beiðni um spennustöðvar hjá OR á þremur stöðum á háskólasvæðinu



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Næst tók til máls Elísabet Brynjarsdóttir, forseti Stúdentaráðs.

„Því sérhver ný kynslóð verður að frelsa heiminn  
Með því að skapa hann í sinni mynd  
Og þarna er hún að koma þarna er hún að rísa  
Einmitt hér og nú er hún að brjóta  
Út úr þokum og segulstormum óskapnaðarins  
Finnur sjálfa sig í tóminu  
Samtengir angistina kvöl hins stríðanda lýðs  
Lyftir ódauðlegum manningum upp úr viðbjóðnum

Endurfæðist gerir kraftaverk  
Breytir helseprengju í lífskjarna  
Gefur framtíðinni nýtt mál nýja menningu  
Trúir vonar elskar

Þetta erindi má finna í síðustu ljóðabók Jóhannesar úr Kötlum, Ný og nið, sem kom út árið 1970. Sú ljóðabók sýnir engin merki um háan aldur höfundar síns. Í henni var ljóðaflokkurinn „Óður um oss og börn vor“ sem lýsir framferði manna og bjartri von um að jörð muni enn rísa úr ægi og ný kynslóð frelsi heiminn.

Því sérhver ný kynslóð verður að frelsa heiminn með því að skapa hann í sinni mynd.

Hagsmunir stúdenta eru hagsmunir Háskóla Íslands. Þetta tvennt er ekki og getur aldrei verið aðskilið, það eru hagsmunir Háskólans að nemendur standi vel að vígi.

Húsnæðismál

- Mikilvægi þess að byggja nálægt háskólanum
- Félagsleg hugsjón bygginganna
- Áhrif óöryggis um húsnæði á stúdenta
- 729 manns á biðslita eftir að 1.200 íbúðum var úthlutað.“

**Kl. 14.20-14.40**

**Kaffihlé**

**Kl. 14.40-16.00**

**Dagskrárliður 3 (frh.)**

**Skipulagsmál háskólasvæðisins, sbr. HÍ21.**

Hilmar Bragi Janusson, forstjóri Genís, fv. forseti Verkfræði- og náttúruvísindasviðs, formaður stjórnar Vísindagarða Háskóla Íslands ehf. flutti næsta erindi.

„Rektor og kæra háskólaþing.

*Milli vertíða*

Hér áður hitti ég stundum æskufélagana sem sumir voru sjómenn af Akranesi sem brölluðu ýmislegt „á milli vertíða“. Og þótt þessi vertíðarhugsun sé nánast horfin úr sjávarútvegi og í staðinn komin vel skipulögð og tímasett starfsemi sem stefnir að hámarksnýtingu auðlindarinnar þá er eins og samfélagið okkar sé ennþá að bralla í verðmætasköpun þekkingar á „milli vertíða“. Nýsköpun og verðmætasköpun þekkingar virkar ekki þannig. Vissulega skapast oft vertíðarstemming í slíkri vinnu, en fyrst og fremst er það langhlaup og þarf að grundvallast í samfélagi sem þekkir og skilur hvernig slíkri þróun er stjórnað og til hennar hvatt og við hana stutt. Það er ekki eitthvað sem við gerum á milli vertíða, t.d. milli þess þegar makrill og túristar slæðast inn í landhelgina okkar.

*Samfélag*

Samfélag sem ætlar að hámarka verðmæti þekkingar krefst samstarfs og samhæfingar; þekkingar mannauðs og fjármagns. Þetta sjáum við að hefur byggst upp á eftirtektaer verðan hátt

í samfélögum sem við viljum keppa við. Eina aðgreiningin sem raunverulega skiptir máli á því sviði er frumleiki við vísindi og uppgötvanir og faglegt starf sem ætlað er að fanga og skipuleggur hagnýtingu með aðferðum, sem við eigum nokkuð í land með að tileinka okkur að fullu.

Á því sviði er keppt um hæfileikaríkt fólk með sérfræðipækkingu á hverju stigi í þeirri vegferð og hún er alþjóðleg, sú samkeppni. Fólk af þessu tagi sækir í lífsgæði og aðlaðandi samfélög sem geta boðið því tækifæri sem fara saman við tilgang sem það hefur helgað sig. Mörg okkar þekkja þessi svæði af eigin raun og þau hafa verið til fyrirmyndar um allan heim. Sum hafa sprottið upp og þróast á lífrænan hátt og tilviljunarkenndan. Mitt fyrirmyndarsvæði af þessu tagi er Cambridge MA sem á meira en aldar gamla sögu af slíkri starfsemi. Og er eftirsóknarverður og eðlilegur hluti af samfélagsgerð borgarinnar. Annarstaðar hafa stefnumótandi aðgerðir, oftast í miklu samstarfi hins opinbera og einkaframtaksins, orðið að slíkum kjörnum.

Ég segi frá þessu hér til að það sé skýrt að við erum að hanna og skipuleggja svæði sem þarf að geta laðað að sér mannauð, þekkingu, fjármagn og tækifæri á réttum forsendum því Vísindagörðum Háskóla Íslands er ætlað að verða slíkt samfélag á skala sem við höfum ekki áður þekkt á þessu sviði.

Á þessum 14 árum hefur virknin verið fyrst og fremst í formi fasteignauppgildingar og við höfum fengið að fylgjast með því að á þessum tíma hafa nánast allar byggingar Vísindagarðanna tilheyrt stærstu framkvæmdum á sínum tíma (þó stundum hafi það verið á „milli vertíða“).

#### *Áherslur*

Stjórn Vísindagarða, í nánú samstarfi við háskólaráð, mótaði stefnu um að byggja starfsemi Vísindagarða á þremur pílárum: heilbrigðis- og lífvísindum, samskipta- og tölvutækni og orkuframleiðslu og nýtingu.

Staðan nú er sú að lífvísindaáherslum hefur vegnað nokkuð vel og sumir tala um líffræðiprihyrninginn sem væri Háskóli Íslands, Landspítalinn og Íslensk erfðagreining og var lykillinn að ákvörðun Alvotech um samstarf. Á næstunni byggist hús sem tileinkað er reiknifræði, tölvutækni og samskiptatækni – í samstarfi við CCP sem við þekkjum öll vel.

Varðandi orkuframleiðslu og nýtingu hefur ýmislegt verið rætt, viðrað og mátað en ekkert gerst ennþá en áherslur að sjálfsögðu verið í áttina að sjálfbærri orkuframleiðslu og nýtingu.

Áhersla er lögð á að fyrirtæki sem hafa forystu um uppbygginguna á hverju sviði, séu alþjóðleg í eðli sínu og starfi á alþjóðlegum vettvangi og bjóði upp á tengingar til Íslands og aftur út, fyrir skapandi samstarf.

Án þess að það hafi beint verið ákveðið, þá er til að mynda í húsi Íslenskrar erfðagreiningar starfsemi stöndugra fyrirtækja, ný sprotafyrirtæki, rannsóknir og kennsla í samstarfi við Háskóla Íslands og til viðbótar oft fræðsla fyrir almenning. Þetta er sterk vísbending um samfélag sem vert er að hlúa að.

#### *Lifandi samfélag*

Stefnumótandi umræða og ákvarðanir um hvort yfir höfuð byggja ætti íbúðahúsnæði á svæðinu fóru fram í stjórn Vísindagarða og snerust þær fyrst og fremst um fjölbreytni á svæðinu, að ekki yrði einungis sterílar stofnanabyggingar á svæðinu, heldur lifandi samfélag. Fljótlega í kjölfarið

kom Félagsstofnun stúdenta að máli við stjórn Vísindagarða og vildu fá að byggja nýja stúdentagarða. Það vita jú sennilega allir sem hér eru inni að öflugt stúdentalíf er eftirsóknarverður félagsskapur í frumlegu samfélagi. Það fór því vel á því að stúdentar riðu á vaðið með þessa nýju hugsun og byggðu nýja stúdentagarða á svæðinu.

Með tilurð Gróskuhússins verður mikil breyting á Vísindagörðum því stór hluti hússins er áætlaður fyrir viðeigandi þjónustu við samfélagið og mikilvægt að þangað veljist inn starfsemi sem geri samfélagið aðlaðandi og gott. Einnig er það von mín að það muni laða að til skemmri eða lengri tíma starfsemi sem hrífst af hugmyndafræði Vísindagarðanna og sér hag sinn í því að taka þátt í uppbyggingu samfélagsins.

Í samstarfi við Reykjavíkurborg tóku Vísindagarðar að sér að útfæra hugmyndir Vísindagarðanna í svokallaðri randbyggð sem er á mörkum spítalasvæðisins og Hringbrautar sunnan við Læknagarð. Það má segja að hugmyndafræði Vísindagarða raungerist þar á mörkum opinberrar þjónustu, háskólakennslu og rannsókna og tengdrar atvinnustarfsemi. Og ætti því að vera hið náttúrulega umhverfi Vísindagarða. Um er að ræða þrjú hús og heildarbyggingamagn 15.000 fm sem fer í opið ferli úthlutunar



Góða háskólaþing, Vísindagarðar hafa nú ráðstafað u.þ.b. 2/3 af gjöfinni góðu frá Reykjavíkurborg frá árinu 1961. Á myndinni hér má sjá hugmyndir listafólks um hvernig svæðið gæti litið út. Húsin með hvítu þökunum eru risin eða í byggingu en húsið sem stendur næst Alvotech er næst á dagskrá á teikniborði Vísindagarða. Starfshópur hefur verið skipaður til að vinna að tillögum um hvaða starfsemi Háskólans fer í það hús en húsið hefur í gegnum tíðina haft vinnuheitið „sameinda vísindahúsið“. Þar við hliðina til suðausturs er nýja háskólatorgið. Torgið hefur verið nefnt í höfuðið á Jónasi Hallgrímssyni og það ætti að vera okkur hvatning um að metnaðarfull starfsemi fari þar fram, frumleg og skapandi – sem hjálpar viðgangi velsældar á öllum sviðum í samfélagi okkar.

Hvernig samfélag mun torgið góða endurspegla?


Og hvernig getur Háskóli Íslands nýtt þetta rými til að hafa frumkvæði að samhæfingu og samlegð sem þarf til að öll hlutverk nútíma háskóla séu uppfyllt?

Þetta eru allt saman krefjandi spurningar sem við leitumst við að svara. Það er engin leið að spá fyrir um hvaða tækifæri frumleikinn muni færa hæfileikaríku fólk framtíðarinnar, en við þurfum að leggja niður forsendur þess samfélags sem við erum að byggja upp. Ekki endilega hvaða starfsemi við viljum heldur hver tilgangur hennar er, hvað býður hún fólki framtíðar og verður hún á forsendum siðlegrar og aðlaðandi menningar.

Það er ekki ætlun okkar að skreyta okkur með fjöðrum annarra eða ræna frumkvæði. Þetta segi ég af því gott fólk hefur í langan tíma stundað nýsköpun og fullt af frábærum hugmyndum hefur átt uppruna sinn hér í Háskóla Íslands. Vilji okkar stendur til þess að Vísindagarðar verði framhald og uppskölun af þeirri vinnu og árangri og að byggt verði upp samfélag sem verður þriðja stoð Háskóla Íslands, á eftir kennslu og rannsóknum.

Vísindagörðum er ætlað að hafa áhrif á samfélagsgerð okkar Íslendinga til stöðugrar farsældar. Það gerist aðeins ef starfsfólk Háskóla Íslands stígur fram og nýtir þau tækifæri sem felast í Vísindagörðum og starfseminni þar – tengi það saman við rannsóknir og kennslu. Það gerist aðeins ef þið og aðrir starfsmenn deilda og stofnana takið að ykkur þetta lykilhlutverk Háskóla Íslands og setjið það með afgerandi hætti á dagskrá, með sama hætti og forverar okkar af metnaði og dirfsku settu kennslu og síðar rannsóknir á dagskrá með sambærilegum afgerandi áhrifum á samfélagsgerð okkar og menningu.“

Næst kynnti Þorsteinn R. Hermannsson, samgöngustjóri Reykjavíkur, tillögur starfshóps um bætтар samgöngur á Vatnsmýrarsvæðinu.



### TILLÖGUR SAMSTARFSHÓPS SAMGÖNGUINNVIÐIR

- Gangandi og hjólandi
- Aframhaldandi uppbygging hjólastiga í nýrri og eldri byggð
- Vinnustaðir í Vatnsmýri tryggja aðstöðu með hjólastæðum, hjólagrymslum, búnings- og sturtuástöðu fyrir starfsfólk og neme
- Brú milli Vatnsmýrar og Kársness





### TILLÖGUR SAMSTARFSHÓPS SAMGÖNGUAÐGERÐIR

- Sammyting
  - Deilibílar og deilihjól – aðstaða og afsláttarkjör
- Samflot (car pool) – einfaldar og skilvirkar leiðir fyrir starfsfólk og nemendur til að sameinast í einkabíla – forgangur í bílastæði





### TILLÖGUR SAMSTARFSHÓPS SAMGÖNGUAÐGERÐIR

- Samgöngusamningar og kynningarmið
  - Vinnustaðir í Vatnsmýri bjóði starfsfólki upp á samgöngusamninga og minni reglugæða á þá.
  - Kynningarefni til að vekja athygli á valkostum í samgöngum að/ frá Vatnsmýri.





### TILLÖGUR SAMSTARFSHÓPS SAMGÖNGUAÐGERÐIR

- Strætókort, bílastaðastýring o.fl.
  - U-Pass kerfi?
    - Urnin verði greining á kostnaði og ábata þess að niðurgreiða tímabakort í almenningsamgöngur fyrir nemendur og starfsmenn.
    - Yrði gert með fjárhagsstuðningi borgarinnar og stuðningsaðgerðum vinnustaðanna þriggja.
    - Samhliða niðurgreiðslu yrði tekin upp stýring á mýtingu bílastæða.
  - Fleytið - álagstoppar
    - Nánari greining á að breyta skipulagi vinnutíma og kennslu til að fytja umferð af háannatíma á öðra tíma.




### TILLÖGUR SAMSTARFSHÓPS AÐ LOKUM



- Með fyrirhugaðri uppbyggingu á Vatnsmýrarsvæðinu á næstu árum fjólar þeim sem þar starfa og búa með tilheyrandi vexti í samgöngum.
- Samgönguyfirbóid og lykilaðilar á Vatnsmýrarsvæðinu standa frammi fyrir þeirri sameiginlegu áskoran að mæta fyrirsjáanlegum vexti í samgöngum á skilvirkan, hagkvæman og vistvænan hátt.
- Ljóst er að til þess þarf margbættar innviðafærslingar og samgönguáðgerðir. Mikilvægt er að stigin verði stór, markviss og samræmd skref í bættum samgöngum að og frá Vatnsmýrarsvæðinu og innan þess.
- Mikilvægt er að samnari fjárfestingar í samgönguinnviðum og þróun á þjónustu sem stuðlar að breyttri ferlahegðun.

Síðustu framsöguna flutti Gunnar Svavarsson, framkvæmdastjóri Hringbrautarverkefnisins.

### Staða dagsins


- Almennt
- Götur, veitur og lóð
- Sjúkrahótel
- Meðferðarkjarni
- Rannsóknahús
- Bílastæða-, tækni- og skrifstofuhús
- Tæknilegar sérlausnir, þyrlopallur, skipulagsmál
- Háskóli Íslands – Læknagarður – Heilbrigðisvísindasvið - Randbyggð – Vísindagarðar HI
- Fjárheimildir - Heildaráætlun











**Sameining**


- Skurðstofur
- Bráðamóttökur
- Gljörgæslur

6. Hæð - Legudeildir
5. Hæð - Legudeildir, aðkoma frá þýrlupalli
4. Hæð - Tæknihæð, skrifstofur, ovefnými, aðstaða tæknimanna og öryggisvarða
3. Hæð - Skurðstofur, undirbúningur og vöknun, þræðingar og gljörgæsla
2. Hæð - Myndgreining, speglun, smitsjúkdómadeild. Móttaka, þjónusta, matartorg og kaffihús
1. Hæð - Bráðamóttaka, framleiðsluapótek. Aðkoma sjúkrabíla og aðkoma frá Sóleyjartorgi
- K1 - Dauðhreinsun, PET framleiðsla og búningaklefar. Rúmþvottur og ræstimiðstöð.
- K2 - Tæknihæð - umferð AGV vagna - millispor og lag्नir.



## Bílastæða-, tækni- og skrifstofuhús Bílakjallari undir Sóleyjartorgi

*Samgöngur – Bílastæði  
Sjúklingurinn í öndvegi  
Gott aðgengi fyrir sjúklinga, aðstandendur og starfsfólk*



### Bílastæða- tækni og skrifstofuhús

Foðrunnið – SPITAL HÓPUNN

Bílastæðahluti 17.036 m<sup>2</sup> - 500-550 bílastæði  
Tæknirými spítalans (varaefi) 1.513 m<sup>2</sup>  
Skrifstofuhúti 2.710 m<sup>2</sup>



### Samgöngur – Bílastæði Sjúklingurinn í öndvegi Bílakjallari við Sóleyjartorg (fluttur til frá Geðdeildarplani)



## Tæknilegar sérlausnir Þyrlupallur



## Tengingar og -brýr



## Sjálfvirkar flutningsleiðir

- Röppóstkerfi
  - Móttökustöðvar röppósts og dreifikerfi
- Sorp- og línkerfi (sogkerfi)
  - Miðlægt sorpkerfi flestra bygginga LSH. Niðurkast á hverri hæð
- Lyftukjarnar, tengigöng og tengibrýr
  - Byggingar vel tengdar – flæði tryggt



## Pyrlupallur



Hringbrautar verkefnið

## Háskóli Íslands – Læknagarður Randbyggð - Vísindagarðar HÍ Vörumóttaka LSH

Hringbrautar verkefnið

## Vörumóttaka LSH



Hringbrautar verkefnið

## Nýbygging heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands

Nýbygging HÍ um 9.300 m<sup>2</sup>. Tengist Læknagardi sem verður til framtíðar rannsóknahús heilbrigðisvísindasviðs HÍ. Samtals byggingarmagn yfir 18.000 m<sup>2</sup>. Kennslu-, þróunar- og rannsóknamiðstöð HÍ.



Hringbrautar verkefnið

## Randbyggð Vísindagarða Háskóla Íslands (úthlutað til 3ja aðila)

Nýbyggingar í heild um 15.000 m<sup>2</sup>.

Sjálfstæð hús sem tengjast saman með bílakjallara. Hugsuð sem þjónustu- eða rannsóknarhús.

Mikil eftirspurn.

Vísindagarðar HÍ sjá um úthlutun í samstarfi við Reykjavíkurborg, LSH og HÍ.



Hringbrautar verkefnið


## Fjárheimildir Áætlunargerð Samhæfing og samráð kynninga

Hringbrautar verkefnið

## Fjárheimildir

Fjármálaáætlun 2019-2023, samþykkt á Alþingi 08.06.2018, er í takt við áætlanir í Hringbrautarverkefninu.

Fjármagnsstreymi



Hringbrautar verkefnið

SRINGBRAUTARVERKEFNIÐ - HEILDARÆTLUN 2018 - 2024 - LSH/DRÖG/UR.06.18 - HÍ/DRÖG/11.6.18	Áætlun	Q3 2018	Q4 2018	Q3-03 2019	Q3-04 2019	Q3-05 2019	Q3-06 2019	Q3-07 2019	Q3-08 2019	Q3-09 2019	Q3-10 2019	Q3-11 2019	Q3-12 2019	Q3-01 2020	Q3-02 2020	Q3-03 2020	Q3-04 2020	
ÞRÖGVAÐIÐ																		
Alþingiþingarmál - Ákoma	ALÞM-ÁF																	
Alþingiþingarmál - Þröskulur	ALÞM-ÞF																	
HT - Ákoma	HTM-ÁF																	
HT - Þröskulur	HTM-ÞF																	
Veitningar - Ákoma	VEI-M-ÁF																	
Veitningar - Þröskulur	VEI-M-ÞF																	
Skjalteki - Ákoma	SKJ-M-ÁF																	
Skjalteki - Þröskulur	SKJ-M-ÞF																	
Skjalteki og veitningar - Ákoma	SKJ-M-VEI-ÁF																	
Skjalteki og veitningar - Þröskulur	SKJ-M-VEI-ÞF																	
Skjalteki og veitningar - LSH	LSH																	
Skjalteki og veitningar - HÍ	HÍ																	
Skjalteki og veitningar - LSH og HÍ	LSH-HÍ																	
Skjalteki og veitningar - LSH og HÍ - Þröskulur	LSH-HÍ-ÞF																	
Skjalteki og veitningar - LSH og HÍ - Ákoma	LSH-HÍ-ÁF																	
Skjalteki og veitningar - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma	LSH-HÍ-ÞF-ÁF																	
Skjalteki og veitningar - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH	LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH																	
Skjalteki og veitningar - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - HÍ	LSH-HÍ-ÞF-ÁF-HÍ																	
Skjalteki og veitningar - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ	LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ																	
Skjalteki og veitningar - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Þröskulur	LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÞF																	
Skjalteki og veitningar - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Ákoma	LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÁF																	
Skjalteki og veitningar - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma	LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÞF-ÁF																	
Skjalteki og veitningar - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ	LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ																	
Skjalteki og veitningar - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Þröskulur	LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÞF																	
Skjalteki og veitningar - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Ákoma	LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÁF																	
Skjalteki og veitningar - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma	LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÞF-ÁF																	
Skjalteki og veitningar - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Ákoma	LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÁF																	
Skjalteki og veitningar - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma	LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÞF-ÁF																	
Skjalteki og veitningar - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Ákoma	LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÁF																	
Skjalteki og veitningar - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma	LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÞF-ÁF																	
Skjalteki og veitningar - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Ákoma	LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÁF																	
Skjalteki og veitningar - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma	LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÞF-ÁF																	
Skjalteki og veitningar - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Ákoma	LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÁF																	
Skjalteki og veitningar - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma	LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÞF-ÁF																	
Skjalteki og veitningar - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Ákoma	LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÁF																	
Skjalteki og veitningar - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma	LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÞF-ÁF																	
Skjalteki og veitningar - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Ákoma	LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÁF																	
Skjalteki og veitningar - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma	LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÞF-ÁF																	
Skjalteki og veitningar - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Ákoma	LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÁF																	
Skjalteki og veitningar - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma	LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÞF-ÁF																	
Skjalteki og veitningar - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Ákoma	LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÁF																	
Skjalteki og veitningar - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma	LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÞF-ÁF																	
Skjalteki og veitningar - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Ákoma	LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÁF																	
Skjalteki og veitningar - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma	LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÞF-ÁF																	
Skjalteki og veitningar - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Ákoma	LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÁF																	
Skjalteki og veitningar - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma	LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÞF-ÁF																	
Skjalteki og veitningar - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Ákoma	LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÁF																	
Skjalteki og veitningar - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma	LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÞF-ÁF																	
Skjalteki og veitningar - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Ákoma	LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÁF																	
Skjalteki og veitningar - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma	LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÞF-ÁF																	
Skjalteki og veitningar - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Ákoma	LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÁF																	
Skjalteki og veitningar - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma	LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÞF-ÁF																	
Skjalteki og veitningar - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Ákoma	LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÁF																	
Skjalteki og veitningar - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma	LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÞF-ÁF																	
Skjalteki og veitningar - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Ákoma	LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÁF																	
Skjalteki og veitningar - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma	LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÞF-ÁF																	
Skjalteki og veitningar - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Ákoma	LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÁF																	
Skjalteki og veitningar - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma	LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÞF-ÁF																	
Skjalteki og veitningar - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Ákoma	LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÁF																	
Skjalteki og veitningar - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma	LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÞF-ÁF																	
Skjalteki og veitningar - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Ákoma	LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÞF-ÁF-LSH-HÍ-ÁF																	
Skjalteki og veitningar - LSH og HÍ - Þröskulur og Ákoma - LSH og HÍ - Þröskul																		



Að kynningum loknum fóru fram fyrirspurnir og pallborðsumræður.

Kjörinn fulltrúi Félagsvísindasviðs þakkaði fyrir góð framsöguerindi og spurði hvort stefna í samgöngumálum verði skoðuð m.t.t. fjarnáms, skipulags kennslustofa, kennslubúnaðar og skyldra hluta.

Forseti Heilbrigðisvísindasviðs sagði að við Heilbrigðisvísindasvið og Menntavísindasvið stunduðu til samans næstum 5 þúsund nemendur nám og því skiptu samgöngu- og bílastæðamál þessi svið miklu máli. Varðandi áform um byggingu stúdentagarðs við Gamla-Garð og hugsanlega tengingu við Stapa sagði forsetinn að hafa þyrfti í huga að þar væru nú heilbrigðisgreinar og þyrfti að tryggja að þær yrðu komnar með aðstöðu í nýju húsi Heilbrigðisvísindasviðs á svæði Landspítalans ef nýta ætti Stapa undir stúdentaíbúðir.

Forseti Stúdentaráðs brást við forsetanum og sagði að það væru ríkir hagsmunir stúdenta heilbrigðisgreina að hafa öruggan samastað fyrir nám sitt og því væri góð lausn á framtíðarhúsnæði heilbrigðisgreinanna einnig hagsmunamál stúdenta.

Kjörinn fulltrúi Félagsvísindasviðs nefndi að til stæði að byggja brú milli Skerjafjarðar og Kársness og spurði hvort stúdentar hefðu haft samband við Kópavogsbæ til að kanna möguleika á að reisa stúdentagarða á Kársnesi. Einnig spurði fulltrúinn hvernig staðið væri að vali á fyrirtækjum sem komast inn á lóð Vísindagarða Háskóla Íslands.

Samgöngustjóri Reykjavíkur brást við og sagðist ekki þekkja til þess hvernig Kópavogsbær stæði að lóðaúthlutunum, en ljóst væri að með brú yfir í Kársnes myndu opnast spennandi tækifæri fyrir stúdenta.

Formaður stjórnar Vísindagarða svaraði síðari spurningu hins kjörna fulltrúa Félagsvísindasviðs og sagði að margt hefði breyst í starfi Vísindagarða frá því að starfsemi þeirra hófst. Háskóli Íslands hefði haft frumkvæðið í byrjun en smátt og smátt hefði eftirspurnin aukist og nú væri biðröð um að fá að komast á svæðið. Framan af hefði það verið eitt meginskilyrðið fyrir vali á fyrirtækjum og stofnunum sem fengju aðstöðu á lóð Vísindagarða að þau væru alþjóðlega tengd. Í dag væri einnig horft sérstaklega til þess að fyrirtækin eða stofnanirnar féllu strategískt að stefnu Háskólans og að fyrirtækin sjái sér hag í því að starfa með skólanum, helst á sem breiðustum grundvelli. Loks þyrftu fyrirtækin og stofnanirnar að sýna fram á að þau hefðu fjárhagslega burði og getu til að taka þátt í verkefninu. Val á fyrirtækjum og stofnunum væri á forræði stjórnar Vísindagarða, en allar ákvarðanir væru teknar í nánú samráði við háskólaráð. Við ráðstöfun svokallaðrar randbyggðar við Hringbraut yrði hins vegar farið í mjög opið ferli með tveggja þrepa útboði.

Forseti Stúdentaráðs tók undir með samgöngustjóranum og sagði þetta vera mjög spennandi framtíðarsýn og mikilvægt væri að hefja samtal við stjórn Kópavogsbæjar strax. Varðandi fyrirhugaða byggingu stúdentagarða við Gamla-Garð sagði Elísabet að í gildi væri bindandi samkomulag sem stúdentar legðu áherslu á að yrði eft.

Formaður skipulagsnefndar brást við spurningunni um breytta kennsluhætti og sveigjanleg kennslurými. Sagði formaðurinn að skipulagsnefnd háskólasvæðisins hefði aðeins starfað í skamman tíma og myndi í fyrstu einbeita sér að stóru myndinni, þ.e. heildarskipulagi háskólasvæðisins, en hefði ekki fjallað um einstakar byggingar og tilhögun þeirra. Þó tæki hún undir það sjónarmið að mikilvægt væri að hanna sveigjanlegar byggingar sem auðvelt væri að breyta í samræmi við breytta kennsluhætti. Vel heppnað dæmi um slíkt kennslurými væri hringstofan í Gimli sem væri vinsælasta kennslustofan í byggingum Háskólans og alltaf fullbókuð.

Aðstoðarrektor kennslumála og þróunar sagði að í nýsamþykktri stefnu um gæði náms og kennslu væri skýrt kveðið á um aukna áherslu á þróun kennslurýma við hönnun bygginga háskóla.

Fulltrúi stúdenta spurði hver tímaáætlunin væri varðandi flutning Menntavísindasviðs á háskólalóðina. Einnig minntist stúdentinn á snyrtiaðstöðu fyrir fatlaða í Hamri og spurði hver skilgreiningin væri á „fullkominni“ snyrtiaðstöðu fyrir fatlaða.

Rektor brást við spurningunni um flutning Menntavísindasviðs og sagði þetta vera lyklatríði. Málið hefði hins vegar dregist of lengi, en nú væri búið að skipa nefnd til að gera þarfagreiningu og vinna málinu brautargengi. Þegar nefndin hefði lokið störfum væri næsta skref að hefja viðræður við stjórnvöld, enda hefði frá sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands legið fyrir að þau þyrftu að hafa aðkomu að málinu.

Sviðsstjóri framkvæmda- og tæknisviðs sagði flutning Menntavísindasviðs vera flókið mál. Fyrst þyrfti að vinna þarfagreiningu, þá tæki við hönnun og loks framkvæmdir. Þetta ferli muni taka nokkur ár.

Deildarforseti Jarðvísindadeildar vék talinu að aðgengi erlendra framhaldsnema að húsnæði á stúdentagörðum og spurði hvort stefnan þar um væri alfarið í höndum Félagsstofnunar stúdenta.

Varaforseti Stúdentaráðs spurði um tímaáætlun varðandi byggingu stúdentagarða á lóðinni við Gamla-Garð. Þá lýsti varaforsetinn hrifningu sinni með svokallaðan „U-passa“ sem samgöngustjóri Reykjavíkur hefði sagt frá í kynningu sinni.

Annar fulltrúi stúdenta vék einnig að byggingaráformum við Gamla-Garð og húsnæðisþörfum stúdenta. Sagði stúdentinn að þótt byggðar yrðu 113 einingar við Gamla-Garð og í Stapa vantaði enn upp á. Þá hefði í kynningum á verkefninu komið fram að óvíst væri hvort Félagsstofnun stúdenta hefði ráð á að byggja á þessum stað vegna krafna um hámarks fermetraverð. Spurði stúdentinn hvað myndi gerast ef ekki yrði af þessum framkvæmdum.

Deildarforseti Raunvísindadeildar spurði hvort áformað væri að auka byggingarmagn á Melunum austan Suðurgötu.

Fulltrúi Félags prófessora við ríkisháskóla tók undir með deildarforseta Jarðvísindadeildar og sagði að líffræðin ein væri með um 100 framhaldsnema og væru um 60% þeirra elendir.

Gífurlega erfitt væri að finna húsnæði fyrir þennan hóp og þyrfti Háskólinn að marka sér stefnu um húsnæðismál erlendra framhaldsnema. Varðandi skipulagsmál Háskólans almennt sagði fulltrúinn að ekki væri sjálfgefið að byggja á núverandi skipan í fræðasvið heldur væri unnt að endurskipuleggja sviðaskiptinguna. Þannig mætti t.d. hugsa sér að Menntavísindasvið yrði lagt niður í núverandi mynd og fagkennararnir flyttust til hinna fræðasviðanna. Þetta þyrfti að skoða áður en ráðist yrði í að byggja undir núverandi Menntavísindasvið.

Formaður skipulagsnefndar háskólasvæðisins brást við spurningum deildarforseta Raunvísindadeildar og formanns Félags prófessora. Sagði hún að nefndin hefði enn sem komið er hvorki skoðað sérstaklega byggingarmöguleika á Melunum né málefni einstakra fræðasviða.

Rektor svaraði spurningu stúdenta um tímaáætlun varðandi byggingu stúdentaíbúða við Gamla-Garð og sagði að málið væri enn á hugmyndastigi og yrði þeirri vinnu áfram haldið.

Sviðsstjóri framkvæmda- og tæknisviðs bætti því við að næsta skref væri að vinna deiliskipulagstillögu og setja hana í ferli hjá Reykjavíkurborg. Þar með væri málið í reynd úr höndum Háskóla Íslands því Félagsstofnun stúdenta væri byggingar- og fjármögnunaraðilinn. Til greina komi að Félagsstofnun stúdenta nýti tímann með því að vinna samhliða þessu áfram að hönnuninni.

Rektor brást við innleggi deildarforseta Jarðvísindadeildar varðandi húsnæðismál erlendra framhaldsnema og sagði að rekstur stúdentaíbúða væri alfarið í höndum Félagsstofnunar stúdenta. Ýmsir möguleikar væru þó í stöðunni, s.s. í tengslum við svonefnda randbyggð við Hringbraut, vestan nýs Landspítala. Rætt hefði verið um þann möguleika að byggja þarna stúdentagarða fyrir framhaldsnema, sérstaklega þá sem vinna í tengslum við Vísindagarða.

Forseti Stúdentaráðs sagði að Skrifstofa alþjóðasamskipta og Stúdentaráð hefðu rætt um möguleika á að bæta aðgengi erlendra stúdenta að stúdentagörðum. Einnig væri vandi hvað dvalartíminn á stúdentagörðum væri takmarkaður og nægði t.d. ekki fyrir fullt doktorsnám. Þetta gæti valdið því að doktorsnemar yrðu húsnæðislausir í lok námstímans.

Samgöngustjóri Reykjavíkur vék að hinum svokallaða „U-passa“ og sagði að fyrsta verk væri finna honum gott nafn! Þá sagði hann að þjóðhagslega væri ekki hagkvæmt að allir ferðuðust á bíl og því væru samflot, niðurgreidd strætókort o.s.frv. nauðsynleg líka. Einnig þyrfti betri stýringu á bílastæðum. Almennt sagt þyrfti að beita bæði jákvæðri og neikvæðri stýringu og hvötum.

Deildarforseti Læknadeildar sagði að mikilvægt væri að taka upp sveigjanlegar lausnir eins og verið hefði ráðandi sjónarmið við undirbúning Landspítalaverkefnisins. Spítalinn væri farinn að stýra aðgangi að bílastæðum og Háskólinn þyrfti einnig að taka upp nýja stefnu í þessum málum.

Fulltrúi stúdenta spurði um útfærsluna á „U-passa“ kerfinu. Þá benti stúdentinn á að í tengslum við samgöngu- og bílastæðamál þyrfti að hafa í huga ólíkar þarfir einstakra hópa, t.d. væru stúdentar með ung börn eða barnshafandi konur háðar því að geta lagt bílum nálægt áfangastað.

Annar fulltrúi stúdenta spurði hvort stjórnendur Háskóla Íslands hefðu velt fyrir sér þeim möguleika að bjóða upp á samgöngusamninga við starfsfólk og stúdenta.

Forseti Heilbrigðisvísindasviðs sagði að gert væri ráð fyrir tengingum á milli



Heilbrigðisvísindasviðs og Vísindagarða. Annars vegar væri um að ræða skipulegt samstarf við Alvotech og hins vegar heilsþjónustu fyrir stúdenta. Margar greinar gætu komið að þessum verkefnum.

Framkvæmdastjóri Hringbrautarverkefnisins lýsti ánægju sinni með umræðuna um stúdentaíbúðir. Hann hefði sjálfur búið á hjónagörðum þegar hann var í námi og minntist hann skemmtilegra húsfélagsfunda! Loks beindi hann þökkum til starfsfólks og stjórnenda Háskóla Íslands fyrir gott samstarf í tengslum við Landspítalaverkefnið. Frábær og öflugur hópur frá Háskóla Íslands hefði stutt við þessa vinnu og tekið virkan þátt í henni.

Formaður stjórnar Vísindagarða Háskóla Íslands ehf. sagði að Háskólinn gæti ýmislegt lært af Landspítalanum varðandi sveigjanleika. Fyrst þyrfti að skilgreina vandlega hvaða starfsemi ætti að vera í byggingum á háskólasvæðinu – en ekki að byggja fyrst og finna svo starfsemi inn í húsin.

Sviðsstjóri framkvæmda- og tæknisviðs brást við innleggi deildarforseta Læknadeildar og sagði að Háskóli Íslands væri í samstarfi við Landspítalann varðandi bílastæðamál og aðgangsstýringu. Sagðist hún vonast til þess að í samstarfi mætti leysa þau flóknu verkefni sem við stæðum frammi fyrir þannig að sómi yrði að.

Samgöngustjóri Reykjavíkur sagði að hugmyndin um „U-passa“ væri enn í mótun og lægi t.d. ekki fyrir hvað ætti að greiða fyrir passann o.s.frv. Sennilega yrði horft til þess að hafa sömu stýringu fyrir alla í stað þess að gera t.d. greinarmun á stúdentum og starfsmönnum. Þá sagði hann að nú þegar svona mörg verkefni væru í vinnslu væri lag að gera átak á sviði almenningssamgangna í stað þess að hafast ekki að og bíða þar til allt væri komið í óefni. Þetta væru spennandi tímar og tækifærin mörg.

Forseti Stúdentaráðs gerði í lokaorðum sínum að umtalsefni lýðheilsu stúdenta og starfsfólks. Stúdentar stóðu fyrir átaki um geðheilbrigðismál sem hefði tekist afar vel. Næsta skref væri að byggja upp heilsugæslu fyrir stúdenta að erlendri fyrirmynd. Einnig væru stúdentar hrifnir af því að taka inn á háskólasvæðið lágvöruverðsverslun, apótek og aðra þjónustu. Varðandi bílaumferð lýsti forsetinn þeirri skoðun sinni að gera þyrfti greinarmun á þeim sem nauðsynlega þyrftu á bílum að halda, s.s. barnshafandi konum, og hinum sem þyrftu það ekki.

Formaður skipulagsnefndar þakkaði fyrir gott háskólaþing. Farið hefði verið yfir skipulags-, samgöngu- og bílastæðamál á breiðum grundvelli og væri mikilvægt að halda þeirri umræðu áfram. Um störf skipulagsnefndar sagði formaðurinn að á fyrstu mánuðunum sem nefndin hefði starfað hefði verið lögð áhersla á að læra af öðrum, ekki síst erlendum háskólum. Einnig þyrfti að halda áfram að tala saman um þessi mikilvægu mál innan Háskóla Íslands eins og gert hefði verið svo vel í dag.

Sviðsstjóri Minjastofnunar Íslands þakkaði fyrir að hafa fengið tækifæri til að ávarpa þingið. Sagðist hann hafa talað fyrir fagurfræðilegum gildum sem ekki mættu gleymast. Háskóla Íslands hefði tekist mjög vel í áranna rás að þróa sitt svæði og hefði skólinn á að skipa safni sögulegra og vel heppnaðra bygginga. Gott dæmi um þetta væri Háskólatorg sem hefði bæst við án þess að spilla því sem fyrir væri.

Að lokum þakkaði rektor öllum þingfulltrúum fyrir fróðlegt og ánægjulegt háskólaþing. Mikilvægt væri að hafa í huga að Háskóli Íslands væri samfélag – samfélag starfsfólks og stúdenta og verkefnið framundan væri að tryggja gott skipulag, húsakynni og samgöngur fyrir

Þetta samfélag. Eins og fram hefði komið á þinginu væri mikil gerjun og margar stórar framkvæmdir á döfinni. Til að þau yrðu farsælega til lykta leidd væri fyrsta skrefið að hlusta hvað fólki fyndist um hlutina – og það ætti einnig við um umræðuna um matskerfið fyrir á þinginu.

Fleiri tóku ekki til máls.

Til máls tóku undir þessum dagskrárlið, auk rektors og framsögumanna, þau Alexandra Ýr van Erven, Ágúst Arnar Þráinsson, Brynhildur Flóvenz, Engilbert Sigurðsson, Gyða Margrét Pétursdóttir, Inga Þórsdóttir, Kolbrún Lára Kjartansdóttir, Magnús Tumi Guðmundsson, Oddur Ingólfsson, Ragnhildur Alda M. Vilhjálmsdóttir, Sonja Sigríður Jónsdóttir og Steinunn Gestsdóttir.

### **Útsend gögn og gögn sem lögð voru fram á 22. háskólaþingi 7. nóvember 2018:**

1. Dagskrá og tímaáætlun þingsins.
2. Fundargerð 21. háskólaþings 13. apríl 2018.
3. Listi yfir fulltrúa á háskólaþingi.